



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 14. september 2021, kl. 17.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt Árný Huld Haraldsdóttir, Ólafía Sigurvinsdóttir, Vilberg Þráinsson. Einnig sátu fundinn Anna Björg Ingadóttir skólastjóri Reykhólaskóla grunnskóladeildar, Krístrún Birgisdóttir skólastjóri Ásgarðs skóla í skýjunum, Íris Ósk Sigþórsdóttir deildarstjóri í Reykhólaskóla leikskóladeild, Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi, Svanborg Guðbjörnsdóttir fulltrúi kennara í Reykhólaskóla og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 8. júní 2021.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Staða Reykhólaskóla.

2.1 Staða grunnskóladeildar, og stuðningur við deild.

Skólastjóri fór yfir stöðuna í skólanum með nefndinni. Rætt var um stuðning við skólann.

2.2 Staða leikskóladeildar og stuðningur við deild.

Íris Ósk Sigþórsdóttir fór yfir stöðuna á leikskólanum með nefndinni. Ekki hefur tekist að ráða skólastjóra í leikskóladeildina og er Íris starfandi deildarstjóri á meðan. Rætt var um stuðning við leikskólann.

2.3. Staða tónlistadeildar.

Rætt var um stöðu tónlistaskólans.

3. Umsóknir um í Ásgarði, nám utan lögheimilissveitarfélags.

Skólastjóri Ásgarðs skóla í skýjunum lagði fram starfsáætlun skólans veturinn 2021 – 2022. Skólastjóri fór yfir það að fjórar umsóknir hafa borist um nám í skólann.

Á fundinum voru til umræðu tvær umsóknir frá Reykjavíkurborg dagsettar 10. september 2021.

Nefndin samþykkir umsóknirnar samhljóða.

4. Skýrsla tómstundafulltrúa.

Tómstundafulltrúi fór yfir starfsemi sumarsins og haustsins.

5. Trúnaðarmál.

Ritað í trúnaðarmálabók.

Önnur mál (ef einhver):

6. Staða framkvæmda á leikskólavelli.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda.

Farið yfir fundargerðina og fundi slitið kl. 19.20